fer fram, skal skipt þannig, að Vatnsleysustrandarhreppur beri tvo hluta en Njarð- 99
víkurhreppur einn, og eptir sama hlutfalli skal fara um sveitarþyngsli, er síðar 21. sept.
kunna að koma til og sem eiga rót sína í fjelagsskap þeim, er hingað til hefur átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fara fram undir eins og amtmaður hefur ákveðið tölu hreppsnefndarmanna í hvorum hreppi fyrir sig samkvæmt 2. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar, og hinar nýju hreppsnefndir þar eptir hafa verið kosnar, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, og verði ágreiningur útaf skiptingunni skal skorið úr honum af sýslunefndinni.

Þetta tilkynnist yður hjermeð, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á Vatnsleysustrandarþinghá, hvorki sem manntalsþingá nje dómþinghá.

Brjef landshöfðingja *til póstmeistarans í Reykjavík* **um skaðabætur fyrir skemmdir á póstsendingu.** — Með þóknanlegu brjefi dags. 20. þ. m., hafið þjer, herra póstmeistari, sent hingað, ásamt ummælum póstafgreiðslumannsins á Prestsbakka, erindi Sigurðar bóksala Kristjánssonar hjer í bænum, þarsem hann fyrir hönd Ara bónda Hálfdánarsonar á Fagurhólsmýri í Öræfum gjörir tilkall til skaðabóta fyrir skemmdir á bókum er tjeður bóksali hafði sent Ara þessum og afgreiddar voru frá yður í 3 póstbögglum með austanpósti þeim, er fór hjeðan 2. maí þ. á. Það er upplýst að bókasendingar þessar, er alls voru 10 pd. að vikt hafa vöknað í póstkoffortunum þannig að sumar bækurnar hafa skemmst að nokkru leyti en sumar orðið alveg ónýtar; hafa skemmdirnar á öllum bókunum verið metnar á 6 kr. 46 a., er eigi nemur þeirri upphæð, sem tiltekin er í 13. gr. í tilsk. um póstmál 26. febr. 1872 og leggið þjer til að greiða megi nefndum Ara Hálfdánarsyni upphæð þessa úr póstsjóði. 100 24. sept.

Fyrir því undanfelli jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra póstmeistari, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar að jeg veiti hjermeð samþykki mitt til að áminnst upphæð 6 kr. 46 a., verði greidd úr póstsjóði sem skaðabætur fyrir skemmdir á bókasendingum þeim, sem að ofan ræðir um.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu* **um kröfu til þóknunar fyrir að hlaða varnargarð í ána Syðri-Þverá.** — Með þóknanlegu brjefi dags. 22. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent mjer erindi frá Jóni sýslunefndarmanni Jónssyni, ábúanda á Munkaþverá, þar sem hann með skírskotun til brjefs stjórnarráðsins 27. maí 1880* fer fram á að fá greiddar úr umboðssjóði 400 krónur af kostnaði við hleðslu á varnargarði í ána Syðri-Þverá í Eyjafirði, er hann hefur látið gjöra á árunum 1881—1889 og fylgir þar með skýrsla úttektarmannanna í Öngulstaðahreppi um tjeðan varnargarð dags. 15. d. júnímán. þ. á. 101 26. sept.

Eins og yður er kunnugt var með ofangreindu brjefi ráðgjafans fyrir Ísland, dags. 27. maí 1880 leyft, að greiðast mætti úr umboðssjóði $^2/_3$ hlutar af kostnaðinum við að hlaða varnargarð í ána Syðri-Þverá í Eyjafirði til að koma í veg fyrir skemmdir þær, sem vofðu yfir túni og engjum klausturjarðarinnar Munkaþverár, þó þannig, að greiðsla þessi færi ekki fram úr 400 krónum og að ábúandinn greiddi $^1/_3$ af kostnaðin-

*) Stj.tíð. 1880, B, 92.